NÁIN KYNNI



...Af bauki


„Hvað ertu að bauka, manni?“

Ég leit upp í undran, sá þessi pottormur ekki að ég var að reyna að leysa reiðhjólið mitt af girðingunni. Það er aldrei oflæst reiðhjólum í þessari borg. Ég svaraði pjakknum bara af skynsemi. Kom þá ekki:

„Afhverju?“

Jú vissulega ætlaði ég á völlinn, til að hvetja mitt lið áfram. Það jafnast ekkert á við það að eiga sitt uppáhaldslið og fyrir utan það að eiga heima í hverfinu. Ólíkt blessuðu Frammmörunum sem finnst best að eiga hvergi heima og þurfa að spila í nágrenni Snobbhill. Sú var tíðin að Fram gat eitthvað með Pésa Orm og Gumma Stínk fremsta en ekki er Geiri Vin, bróðir Drésa, búinn að gera það gott. Enda ætlar hann ekki að setjast að hér. Sjúggh.

Nema hvað að ég lærði það að reyna ekki að fara á



minn völl á bíl. Djöfulli flott stúka. Metaðsókn á völlinn, 700 kallinn inn, og bílastæði hjá Gróttu. Ætli íbúar á Kaplaskjólsvegi, þarna í blokkunum séu ekki orðnir leiðir á þessum sem þurfa alltaf að míga utan í húsin þeirra í hálfleik. Eða ætlar KSÍ að beita sér fyrir því að leikhlé sé ekki tekið?

Það er alveg borðleggjandi afhverju hléið er tekið. Fótboltakapparnir þurfa jú að míga smá glussa. Níutíu mínútur án losunar. Ekki hægt. Hafiði ekki séð hvernig Rúnki Jesús þarf alltaf að flýta sér með boltann þegar'ann fær'ann. Reyna að sóla upp allan völlinn. Það er ekki það sem liggur fyrir honum. Hann er bara í spreng og getur ekki einbeitt sér, veit ekki hvað hann á að gera! Enda þegar hann loksins snertir boltann, svona óvart eftir misheppnaða fyrirgjöf þá steinliggur hann í netinu. Einungis vegna þess að hann var alveg að gera á sig og vildi drífa sig á tojið.

Ég, einsog flestir Íslendingar, var búinn að bóka gott sumar. Fullt sumarfrí og KR á toppnum. Engin spurning? Man United í Englandi og KR á Íslandi. Oekkí.

Sumarið næstum á enda og ekkert frí í augsýn og enginn titill í augsýn. Jú kannski aumingjatitill. Minnir mig á þegar Liverpool var hversmanns hugljúfi með þetta Dalglish gerpi í fararbroddi, einsog það sé ekki hægt að taka ÍA í nefið. Þeir framleiða nógu mikið af sementi þarna uppfrá. Enda er ekkert nema steypa sem kemur út úr þeim. Ég tala af reynslu. Ég bjó þarna í nokkrar mínútur.

Man enginn eftir Stoke City með Gordon Banks í fararbroddi?? Þá var nú spilaður almennilegur bolti. Núna sjáum við bara eftirhermur. En ég er viss um að Valdi Lygsa dregur það besta fram úr Stoke og sýnir hinum hérna hvernig á að vera meistari. Að minnsta kosti er Geiri Vin orðinn langeygður eftir sigri eða búinn að gleyma hvernig það er gert.

Einhver gaukaði því að mér að hinn forni fjandi Bogomil Font væri liðtækur spilari. Væri ekki ráð að fá hann til þess að hressa uppá fótmennt KR-inga? Víst hefur hann ært dansfótmennt landans. Eða kannski bara öll liðin? Ég held að ekki veiti af. Núll-núll í Albaníu! Úá ÍA. Því miður er það of seint, Bógó er horfinn! Efraim Zuroff fann nokkur skjöl um hann. Og það sem verra er, er að KGB trúir honum.

Ég var helvíti blautur þegar þeir fiskuðu mig uppúr sjónum. Einhver auli hafði gleymt að segja mér að það væri ekki búið að malbika út í Eyjar. Og það væri nauðsynlegt að fara með Ferjólfi ef ég ætlaði að hjóla þangað. Kannski eins gott. KR vann fjögur tvö.

Og hvað er ég að bauka?

Ekki neitt. Alls ekki neitt!!

Einar Ben.

Eldhúsástríður Titu hita bíógesti



trúlega munúðarfull Lumi Cavazos í hlutverki Titu, í mexíkósku myndinni Kryddlegin hjörtu.



Marc Leonardi fer með hlutverk Pedro en hann kannast margir við úr ítölsku kvikmyndinni Cinema Paradiso.

Síðla veturs í fyrra kom út á íslenskum markaði bókin Kryddlegin hjörtu eftir mexíkóska höfundinn Lauru Esquivel. Þar er skrifað um hina ástríðufullu Titu sem meinað er að bindast sínum heittelskaða Pedro vegna strangra samfélagsreglna. Bannið er þeim mikið áfall en til að vera sem næst meynni giftist Pedro systur Titu, hinni loftmiklu og feitu Rosauru. Tita veit ekki sitt rjúkandi ráð en í stað þess að gera uppsteyt innsiglar hún ástríðurnar og girndina sem hún elur innra með sér í snilldarlega matseld sína. Áhrifin láta ekki á sér standa og réttirnir hennar hafa ótrúleg áhrif á þá sem þeirra neyta.

Sagan er með ólíkindum lostafull, skemmtileg og bragðmikil að auki en hún hefur nú verið fest á filmu, vonandi með sömu áhrifum. Í hlutverki Titu er Lumi Cavazos en með hlutverk Pedros fer Marc Leonardi sem margir kannast við úr ítölsk/frönsku kvikmyndinni Cinema Paradiso. Myndin hefur fengið fádæma viðtökur í Bandaríkjunum en nú vill svo til að okkur Íslendingum gefst einnig kostur á að sjá hana. Það kemur til af því að mexíkósk kvikmyndahátíð stendur nú yfir í Háskólabíói, en þar verða sýndar alls sjö mexíkóskar kvikmyndir sem allar falla undir þá skilgreiningu að vera bæði heitar og munúðarfullar. Hver mynd verður aðeins sýnd í nokkur skipti en hátíðinni lýkur 5. september.

Tvífarar





Ef einhvern langar að vita hvernig Davíð Oddsson lítur út eftir 20 ár, þá nægir að líta á Hollendinginn Frans Koster. Hann átti í viðskiptum við Stálfélagið sáluga, sem líklega er skýringin á gráu hárunum, en Davíð er hins vegar öllu lífsþreyttari á svipinn. Að öðru leyti eru þeir eins, víðáttumiklar nasir sem snúa beint niður, þykkir og gerðarlegir eyrnasneplar, breitt enni með lóðréttra hrukku á réttum stað, haka og undirhaka af sömu ætt.

MYNDLIST

Úr eldhúsi Louisu

LOUISA MATTHÍASDÓTTIR KJARVALSSTÖÐUM



KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR

Louisa Matthíasdóttir hefur búið mestan hluta ævinnar í New York borg, eða síðan 1941. Þar hefur hún sýnt reglulega í þrjátíu ár og hlotið jákvæða dóma. Hér heima hefur hún eignast tryggan hóp aðdáenda. Á Kjarvalsstöðum getur að líta úrval af málverkum listakonunnar frá tímabili sem spannar yfir fimmtíu ár, en allmargar myndanna eru frá undanförnum árum.

Louisa er málari, hún málar auðkennanlega hluti, með skýrum formum og skærum litum. Verk hennar eru sniðin fyrir þá sem vilja hafa málverk einföld, án refja, án „hugmyndafræði“. Verk Louisu hafa verið sett í samhengi við ameríska realisma í málaralistinni, en það hefur ávallt verið til öflugur hópur realískra málara í Ameríku þótt þeir hafi oft horfið í bakgrunninn. Má þar nefna sem dæmi Edward Hopper á fyrri hluta aldarinnar, en mynd Louisu af Vesturgötunni hefur á sér svipað yfirbragð og götumyndir Hoppers. Og af realistum sem nú vekja eftirtekt í Ameríku má nefna Eric Fischl, skrásetjara amerísks heimilislífs. En Louisa er ekki réttnefndur realisti, því hún notar ekki myndir sínar til að rýna í heiminn og afhjúpa hann. Hún heldur sig við hefðbundnar myndgerðir, kyrralífs uppstillingar (*nature morte*), portrett, landslagsmyndir og borgarmyndir, án óvæntra frávika. Það eru engin óvænt smáatriði sem vekja grun um að eitthvað fleira búi að baki. Yfirborð hlutanna nægja henni. Hún notar ekki málaralistina til að rýna og afhjúpa heldur er heimurinn henni tilefni til að skapa málverk.

Það má greina stöðuga en hægfara þróun í myndlist hennar og það er athyglisvert að sjá að hún hefur verið að móta sinn stíl allt fram á þennan dag. Myndirnar fá ekki á sig þann afgerandi karakter sem maður kannast við af seinni myndunum fyrr en kemur fram á áttunda áratuginn. Elstu myndirnar búa yfir mýkt í litum og formum, eins og í myndinni „Drengur að leik“ frá 1939, en sú mynd líkist töluvert verkum Nínu Tryggvadóttur frá sama tíma. En í myndum frá undanförnum árum kveður við annan tón. Í staðinn fyrir ávala mótun forma koma einlitir, flatir fletir, hornhvassari form, skírari birta og sterkar litaandstæður. Lengst gengur Louisa í landslagsmyndunum. En það er einnig þar sem henni tekst einna síst upp. Landslagsmyndirnar eru langt frá því að vera sannfærandi. Í forgrunni standa stílfærðar myndir hesta og kinda á einlitum reitum. Í bakgrunni sést í hefðbundnari landslagsímynd með vötnum, fjöllum og heiðarbýlum. En einhvern veginn passa þessir tveir hutar myndanna ekki saman, eins og sést t.d. af myndinni af Louisu og hundinum Blaze, sem virðast standa heima í stofu frekar en í Guðs grænni náttúrunni. Myndirnar úr Reykjavík henta betur þessum myndstíl, þar sem litrík húsin, sléttir fletir og skuggar gefa tækifæri á sterkum litasamsetningum.

Langbestu myndirnar á sýningunni eru þó kyrralífsmyndirnar (þótt allar myndir hennar séu uppstilltar á einn eða annan hátt), sem er listform sem Louisa hefur fullt vald á. Myndbygging, litasamspil og formun hlutanna er eðlileg og áreynslulaus. Ólíkt myndum frá fyrri hluta ferilsins þá búa kyrralífsmyndir síðastliðinna tíu ára yfir harðneskju og efnisfestu. Jafnvel dúkarnir virðast stökkir og ósveigjanlegir. Hlutunum er dreift um borðið og hverjum og einum hlut gerð full skil með ákveðnum pensildráttum.

Sýningunni hefur verið fylgt úr hlaði með eigulegri bók með málverkum listakonunnar og ágætum inngangi eftir Kristínu Guðnadóttur. Hún kemur með þá athyglisverðu uppástungu að uppstillingar Louisu frá seinni árum eigi sér hliðstæðu í *vanitas* myndum, sem einkum voru kyrralífsuppstillingar sem áttu að minna á hégóma og hverfulleika tilverunnar. Myndir Louisu eru a.m.k. gersneyddar hégóma, það fer ekki mikið fyrir munúð eða upphafningu á veraldlegum lystisemdum. Borðin sem hún málar eru engin gnægtarborð. Grænmetið er ekki girnilegt, aðeins fallegt. Fegurðarskyn Louisu er skynrænt, en ekki tilfinningaþrungið. Það er heldur engan hégóma að finna í sjálfsmyndum hennar. Hún málar sjálfa sig eins og hvern annan hlut sem hún hefur fyrir augunum dags daglega. Þar er enga miskunnarlausa sjálfsrýni að finna. Á sjálfsmynd frá 1989 er andlitið án augna og munns, en peysan sem hún klæðist fær ítarlega meðhöndlun. Þetta smáatriði er eitt af örfáum atriðum sem gefa okkur vísbendingu um persónuna að baki, því hún er listakona sem er frábitin því að draga athyglina að eigin persónu. Annað væri hégómi.



„Á sjálfsmynd frá 1989 er andlitið án augna og munns, en peysan sem hún klæðist fær ítarlega meðhöndlun. Þetta smáatriði er eitt af örfáum atriðum sem gefa okkur vísbendingu um persónuna að baki, því hún er listakona sem er frábitin því að draga athyglina að eigin persónu. Annað væri hégómi.“